

KJARASAMNINGUR

RARIK ohf.

og

Verkfræðingafélags Íslands – kjararáðs,
Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands, Félags íslenskra
náttúrufræðinga, Fræðagarðs, Stéttarfélags bókasafns- og
upplýsingafræðinga og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

1. gr.

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara

2. gr.

Eftir samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-maí. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 1. desember 2011.

3. gr.

Laun og launatafla hækka sem hér segir:

1.6. 2011:	4,25%.
1.2. 2012:	3,5%.
1.2. 2013:	3,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er sem hér segir:

Á árinu 2011	kr. 59.600.
Á árinu 2012	kr. 61.600.
Á árinu 2013	kr. 63.600.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011	kr. 26.900.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012	kr. 27.800.
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013	kr. 28.700.

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011	greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000.
Á árinu 2011	greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

RØ
pm

5. gr.

3. tl. gr. 11.1.4 orðist svo:

Titill, staða, eðli eða tegund starfs, ásamt grunnröðun skv. fylgiskjali 2, sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.

6. gr.

3. mgr. gr. 11.4.1 orðist svo:

Starfsmenn sem eru í starfi og verða ráðnir á samningstímanum fram til 31. janúar 2014, eða þar til nýr kjarasamningur tekur gildi, halda rétti sínum skv. eldri reglum, þ.e. fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs hafa ekki áhrif á rétt starfsmanns til launaðs orlofs og orlofs- og desemberuppbóta.

7. gr.

Gr. 12.1.1 um launaseðla orðist svo:

Við greiðslu launa til starfsmanns á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun starfsmanns það tímabil, sem greiðslan tekur til, launaflokkur, þrep, fjöldi yfirvinnustunda, uppsafnaður frítökuréttur og sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða, sem leiða til útgreiddra launafjárhæða

8. gr.

Gr. 12.7 um starfsendurhæfingarsjóð orðist svo:

RARIK ohf greiðir 0,13% af heildarlaunum starfsmanna í starfsendurhæfingarsjóð sem starfar skv. sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

9. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal sambærileg breyting gilda um þennan samning. Lúti þær breytingar að þáttum sem varða lækkun launa eða frestun launabreytinga eru aðilar sammála um að það kalli á sérstakar viðræður. Slíkar viðræður fari fram í sérstakri nefnd skipaðri tveimur fulltrúum stéttarfélaganna og tveimur fulltrúum RARIK Komi til þess að kjarasamningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp geta samningsaðilar, Rarik ohf. annars vegar og stéttarfélagun hins vegar, tilkynnt um uppsögn samningsins. Tilkynning skal berast gagnaðila eigi síðar en kl. 16:00 þann 26. janúar 2012 eða 2013.

10. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 8. nóvember.

Reykjavík, 24. október 2011

RB
bM

Með fyrirvara um samþykki félagsmanna
neðangreindra stéttarféлага:

F.h. RARIK ohf.

Þórunn Magnúsdóttir
Ragna 17

Ólafur Hilmarsson

F.h. Verkfræðingafélags Íslands – kjararáðs

Þórunn Magnúsdóttir

F.h. Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands

Stenlaug H. Gunnarsdóttir

F.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Ólafur Hilmarsson

F.h. Fræðagarðs

Ólafur Hilmarsson

F.h. Stéttarfélags bókasafns- og
upplýsingafræðinga

Hilmarsson Þórunn Magnúsdóttir

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og
hagfræðinga

Hilmarsson A. Ólafur Hilmarsson

Bókanir

Bókun 1 vegna starfsþróunarsamtala

Rarik ohf yfirfer og endurmetur framkvæmd starfsþróunarsamtala og setur á fót vinnuhóp með aðkomu starfsmanna fyrirtækisins með það að markmiði að fulltrúar starfsmanna hafi möguleika á að koma sjónarmiðum sínum að gerð, framkvæmd og eftirfylgni starfsþróunarsamtala. Þeirri vinnu verði lokið fyrir 30. nóvember 2011.

Bókun 2 vegna starfsþróunarsamtala

Starfsþróunarsamtöl skulu fara fram ár hvert, næst í janúar til mars 2012 þar sem starfsmanni gefst m.a. kostur á að ræða hvort eðli eða umfang starfs hafi breyst.

Bókun 3 vegna fræðslumála

Rarik ohf mun endurskoða fræðslustefnu fyrirtækisins og setur á fót vinnuhóp með aðkomu starfsmanna með það að markmiði að fulltrúar starfsmanna hafi möguleika á að koma sjónarmiðum sínum að gerð og framkvæmd fræðslustefnu. Þeirri vinnu verði lokið fyrir 30. nóvember 2011.

Bókun 4

Yfirmaður skal, að ósk starfsmanns, koma beiðni hans um launabreytingu áfram til stjórnenda ásamt skriflegum rökstuðningi starfsmanns fyrir beiðninni. Beiðni getur m.a. byggt á því að eðli og umfang starfs hafi breyst að mati starfsmanns og/eða yfirmanns, sbr. gr. 2.3 og 2.4 í fylgiskjali 2. Skrifleg og rökstudd niðurstaða skal liggja fyrir innan þriggja vikna.

Bókun 5 vegna atkvæðagreiðslu um samninginn

Kjarasamningur þessi verður borinn upp í sameiginlegri atkvæðagreiðslu þeirra stéttarfélaga sem aðild eiga að honum.

Bókun 6 vegna upplýsingagjafar til stéttarfélaga

RARIK ohf. mun veita stéttarfélögum upplýsingar um röðun einstakra félagsmanna skv. kjarasamningi sé þess óskað

Bókun 7 vegna fylgiskjals 2

Mat á störfum, menntun og hæfni samkvæmt greinum 2.3 og 2.4 í fylgiskjali 2 skal lokið eigi síðar en 15. maí 2012 og starfsmönnum verður tilkynnt um niðurstöðu matsins. Greitt skal skv. niðurstöðu mats frá 1. janúar 2012. Verði matið ekki framkvæmt fyrir 15. maí 2012 hækka allir um 2,5% frá 1. janúar 2012. Samningsaðilum er ljóst að meðaltals launabreyting á grundvelli matsins getur orðið minni.

Bókun 8 um uppfærslu kjarasamnings og endurskoðun launatöflu

Samningsaðilar munu uppfæra kjarasamning og skal þeirri vinnu lokið fyrir 30. nóvember 2011. Við uppfærslu kjarasamnings skal launatafla miðast við launaflokka 10 – 22.

**Launatafla 01.06.2011. 4,25%
hækkun launatöflu.**

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
Lfl		2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%
10	390.699	400.466	410.234	420.002	429.769	439.535	449.304	459.071	468.839
11	410.234	420.490	430.747	441.002	451.258	461.514	471.769	482.025	492.282
12	430.747	441.516	452.284	463.052	473.822	484.590	495.359	506.127	516.896
13	452.284	463.592	474.899	486.206	497.513	508.820	520.130	531.435	542.741
14	474.899	486.772	498.644	510.516	522.389	534.261	546.134	558.006	569.878
15	498.644	511.111	523.576	536.043	548.508	560.975	573.441	585.906	598.373
16	523.576	536.665	549.755	562.844	575.933	589.024	602.114	615.202	628.292
17	549.755	563.500	577.242	590.986	604.730	618.474	632.218	645.961	659.706
18	577.242	591.672	606.105	620.535	634.967	649.397	663.828	678.261	692.691
19	606.104	621.256	636.411	651.562	666.715	681.867	697.019	712.174	727.326
20	636.410	652.319	668.231	684.140	700.051	715.961	731.870	747.782	763.692
21	668.230	684.935	701.642	718.347	735.054	751.759	768.464	785.171	801.876
22	701.641	719.181	736.725	754.265	771.806	789.346	806.887	824.430	841.970

**Launatafla 01.02.2012. 3,5%
hækkun launatöflu.**

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
Lfl		2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%
10	404.374	414.482	424.592	434.702	444.811	454.919	465.030	475.139	485.248
11	424.592	435.207	445.823	456.437	467.052	477.667	488.281	498.896	509.512
12	445.823	456.969	468.114	479.259	490.405	501.551	512.696	523.842	534.987
13	468.114	479.817	491.521	503.224	514.926	526.629	538.334	550.035	561.737
14	491.521	503.809	516.097	528.384	540.672	552.961	565.249	577.536	589.824
15	516.097	529.000	541.901	554.804	567.706	580.609	593.511	606.413	619.316
16	541.901	555.449	568.996	582.543	596.091	609.640	623.187	636.734	650.282
17	568.996	583.222	597.445	611.671	625.895	640.121	654.345	668.570	682.796
18	597.445	612.381	627.319	642.254	657.191	672.126	687.062	702.000	716.935
19	627.318	643.000	658.685	674.367	690.050	705.732	721.414	737.100	752.782
20	658.684	675.150	691.619	708.085	724.553	741.019	757.486	773.954	790.421
21	691.618	708.907	726.199	743.489	760.781	778.071	795.360	812.652	829.942
22	726.198	744.352	762.510	780.664	798.819	816.973	835.128	853.285	871.439

*PG
p m*

**Launatafla 01.02.2013. 3,25%
hækkun launatöflu.**

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
Lfi		2,5%	5,0%	7,5%	10,0%	12,5%	15,0%	17,5%	20,0%
10	417.516	427.953	438.392	448.830	459.267	469.704	480.143	490.581	501.019
11	438.392	449.351	460.312	471.272	482.231	493.191	504.150	515.110	526.071
12	460.312	471.820	483.328	494.835	506.343	517.851	529.359	540.867	552.374
13	483.328	495.411	507.495	519.578	531.661	543.744	555.830	567.911	579.994
14	507.495	520.183	532.870	545.557	558.244	570.932	583.619	596.306	608.993
15	532.870	546.193	559.513	572.835	586.156	599.479	612.800	626.122	639.444
16	559.513	573.501	587.489	601.476	615.464	629.453	643.441	657.428	671.416
17	587.489	602.177	616.862	631.550	646.237	660.925	675.612	690.298	704.986
18	616.862	632.283	647.707	663.127	678.550	693.970	709.391	724.815	740.236
19	647.705	663.897	680.092	696.284	712.477	728.669	744.860	761.056	777.247
20	680.091	697.093	714.097	731.098	748.101	765.102	782.104	799.108	816.109
21	714.095	731.947	749.801	767.652	785.506	803.358	821.209	839.063	856.915
22	749.800	768.544	787.292	806.036	824.781	843.525	862.269	881.017	899.761

RG
pm